

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is og mbl.is

APRÍL 2023



4. tbl. 26. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Edda hús íslenskunnar vígt



Edda hús íslenskunnar við Suðurgötu.

Nýtt hús Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Háskóla Íslands var vígt 19. apríl. Húsið hefur hefur fengið nafnið Edda. Húsið var opnað almenningi á sumardaginn fyrsta þann 20. apríl sl. Húsið setur sterkan svip á háskólaumhverfið í Vesturbænum.

Húsnæðið mun hýsa starfsemi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningardeildar Háskóla Íslands og verður miðstöð

rannsóknar og kennslu í íslenskum fræðum: tungu, bókmenntum og sögu. Þar verða jafnframt varðveitt frumgögn um íslenska menningu, það eru handrit, skjöl, orða- og nafnfræðisöfn og þjóðfræðasöfn. Í byggingunni eru ýmis sérhönnuð rými, svo sem fyrir varðveislu, rannsóknir og sýningu á fornum íslenskum skinnhandritum, vinnustofur kennara og fræðimanna, lesaðstaða fyrir nemendur, fyrirlestra- og kennslusalir og bókasafn með lesaðstöðu.



Óðinsgata 1 - Reykjavík

Sími: 511 6367

Afgreiðslutími:

Mán: 10-16

Þri-fös: 10-18

Lau: 11-16

Netverslun:

systrasamlagid.is

Sjá nánar á

facebook.com/Systrasamlagid

- bls. 4-5
Viðtal við
Drífu Baldursdóttur
forstöðumann
og verkefnisstjóra
samfélagshússins
Vítatorgs

- bls. 8
Síðasti Selbærinn

- bls. 12
Glæsilegur árangur
Melaskóla



Er **apríl** þinn
skoðunarmánuður?

Verið velkomin á **Grandann**



NÝTT

**EITT SETT
DRUMBAR**



NS
NÓI SÍRÍUS



Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

*Má ekki fara
að grilla?*



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Póstdreifing ehf.
4. tbl. 26. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Vandi sveitarfélaga

Rekstur sveitarfélaga er erfiður. Svo hefur verið um tíma en erfiðleikarnir fara vaxandi. Þess verður víða vart. Hvort sem er í rekstri höfuðborgarinnar, fjölmennari sveitarfélaga á Suðvesturlandi eða hinna sem eru dreifð um landið.

Ástæður þess eru nokkrar. Sá vandi sem hlaust af aðgerðum vegna covid faraldursins á þar einhverja sök en alls ekki alla.

Verðbólga er á uppleið. Þótt Íslendingar séu ekki óvanir verðbólgu setur hún strik í reikning sveitarfélaga sem annarra.

Mikil uppbygging hefur einkennd mörg sveitarfélög. Fólki hefur fjölgað. Kröfur nútímasamfélagsins vaxið en innviðir of veikir til þess að unnt hafi verið að bregðast við.

Undanförunum árum hafa verkefni verið flutt frá ríki til sveitarfélaga. Þessum verkefnaflutningi hafa ekki fylgt tekjumöguleikar sem þurft hafa.

Nefna má að fjármagnaðar skuldbindingar sem ríkið hefur lagt á sveitarfélögin vegna málefna fatlaðra eru að sliga fjárhag þeirra. Þær hafa myndað um 14 milljarða halla á rekstri sveitarstjórnarstigsins.

Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga er í engu samræmi við verkskiptingu þeirra. Tekjustofnar sveitarfélaga eru lögbundnir. Verkefni þeirra eru einnig flest bundin í lög. Sveitarfélögin hafa fátta um innkomu og útgjöld að segja.

Stjórnámálamenn á Alþingi virðist ekki hafa skilið eða eru að skilja þetta. Þótt um þriðjungur þingmanna hafi setið í sveitarstjórnnum dugar það ekki til. Með þingsetu virðast þeir hverfa inn í aðra veröld.

Ef fjöldi sveitarfélaga ratar í forsjá ríkisins eins og nú virðist geta stefnt að gæti það vakið nýja hugsun. Hugsun um að sveitarfélögin þurfi að vera rekstrarhæf.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Landsbankinn undir eitt þak

- miklar breytingar á vinnustaðaskipan í Miðborginni

Landsbankinn er að flytja undir eitt þak. Verið er að taka nýjar höfuðstöðvar í notkun við Austurhöfn. Þegar er hluti af 600 til 650 starfsmönnum bankans sem starfa á miðborgarsvæðinu komnir til starfa í nýja húsinu. Áætlað er að flutningunum ljúki í næsta mánuði. Þetta þýðir að flutningum loknum fækkar starfsstöðvum bankans í Miðborginni úr tólf í eina.

Fjórrða og fimmta hæð hússins eru þegar komnar í notkun og önnur og þriðja verða það fljótlega, en áætlað er að opna jarðhæðina fyrir viðskiptavinum í júní. Stefnt er að framkvæmdum við lóð ljúki í júlí og að byggingu verði endanlega lokið í haust. Húsið er alls 16.500 fermetrar auk tæknirýma og bílakjallara sem verður öllum opinn. Íslenska ríkið hefur fest kaup á hluta af hinu nýja húsi og mun utanríkisráðuneytið flytja í norðurhluta byggingarinnar sem og einhver starfsemi Listasafns Íslands.

Helmingi minna starfsrými

Starfsrými bankans minnkar um næstum helmingi færri fermetra en áður. Það kemur að miklu leyti til af því að vinnurými í hinu hjá húsi eru flest opin eins og verið hefur að ryðja sér til rúms á undanförunum árum. Með tölvuvæðingu og breyttum vinnuaðferðum hefur þörf fyrir rými minnkað og mikið rými sparast með því að hver starfsmaður hafi



Nýja Landsbankahúsið við Reykjastræti á Austurhöfn.

ekki lokað skrifstofuherbergi fyrir sig eins og áður var algengt.

Jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft

Lilja Björk Einarsdóttir bankastjóri segir þetta nýja hús geri stofnunina að betri banka. Húsið sé bæði hannað fyrir starfsfólk og starfsemina. Sýnileikinn sé frábær. Hún kveðst telja að þetta auki bæði jákvæðni og skemmtilegheit Hún kveðst telja að andrúmsloftið verði bæði jákvætt og skemmtilegt og þá sé verið að þjóna viðskiptavinum betur. Hún telur líka mikilvægt

að starfsemi Landsbankans skapi líf í miðbænum. Þess vegna sé mótuneyti starfsmanna á jarðhæð, rými fyrir almenning við húsið að utan og hægt að ganga í gegnum húsið til að stytta sér leið. Landsbankinn hefur verið í gamla Landsbankahúsinu og síðar fleiri húsum í Miðborginni í nær eina öld. Þetta eru einhverjar mestu breytingar sem orðið hafa á vinnustaðaskipan í Miðborginni. Mikið húsnæði losnar við flutningana sem mun bjóða upp á margvíslega möguleika í framtíðinni.

Skáli við Vesturborg verður rifinn



Gamla skálahúsið við Vesturborg.

Áformað er að rífa gamla skálahúsið sem stendur á lóð leikskólans Vesturborgar við Hagamel. Skálinn hefur verið notaður sem hluti af leikskóla Vesturborgar í áratugi. Nú er komið að leikslökum því skoðun á ástandi byggingunni hefur leitt í ljós að hún er ónýtt og hentar ekki lengur fyrir leikskólastarfsemi. Beiðni hefur verið send skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

um leyfi til þess að rífa húsið og hefur skipulagsfulltrúi ekki lagst gegn henni. Ástand hússins er mjög bágborið og mjög kostnaðarsamt yrði að endurbyggja það samkvæmt nútímakröfum byggingarreglugerðar svo nota megi það fyrir leikskólabyggingu. Ljóst má því vera að gamli skáli muni hverfa fyrir nýjum framkvæmdum.

Nesdekk býður þig velkomin á nýjan stað!

Nesdekk hefur opnað nýtt hjólbarðaverkstæði
á Fiskislóð 41, aðeins 200 metra frá gamla staðnum.

Á stærsta og glæsilegasta dekkjaverkstæði
miðbæjarins færðu dekkjaskipti og ráðleggingar
fagmanna við val á réttum dekkjum.

Við hlökkum til að sjá þig og bílinn þinn á Fiskislóð 41.



Bókaðu tíma á netinu



Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn og skoðaðu
dekkjaúrvalið á nesdekk.is

**Sjálfstætt
starfandi apótek
sem býður
persónulega
þjónustu og
hagstæð verð á
lyfjum og öðrum
heilsutengdum
vörum.**

Opnunartímar:
Mán-Fös:
10:00-18:00
Laugardaga
10:00-16:00
Sunnudaga:
Lokað

**ÍSLANDS
— APÓTEK —**

Elli- og örorkulífeyrispegar njóta sérkjara hjá Íslands Apóteki

ÍSLANDS  **APÓTEK**

Laugavegi 53B S: 414 4646

*Mér finnst
Vesturbærinn
fullkomin blanda af
umhverfi og mannlífi.
Vesturbærinn er á
mörkum bæjarhluta
sem íbúðahverfis
og Miðborgarinnar.
Þetta eru tveir
skemmtilegir
borgarhlutar.*

fram eftir kvöldi alla daga vikunnar og einnig eru hópar að sinna sínum viðfangsefnum um helgar auk viðburða.”

Maturinn er mjög vinsæll

Svo er maturinn sem kaffi-félagarnir voru að undirbúa sig til þess að njóta. ”Maturinn er mjög vinsæll og ef til vill er það ástæða þess hversu margir halda að starfið snúist aðallega um mat. Á virkum dögum er hægt að kaupa morgunmat. Svo er hádegismatur alla daga hvort sem um virka daga, sunnudaga eða hátíðis-daga er að ræða. Alltaf er hægt að koma í hádegismatinn án þess að tilkynna sig fyrir fram. Alltaf er nóg til því framleiðslueldhúsið er hér sem framleiðir mat fyrir allar félagsmiðstöðvarnar og allan heim-sendann mat á vegum velferðar-sviðs. Að meðaltali koma rúmlega 200 manns í mat á hverjum degi fyrir utan það sem sent er út um alla borg. Við bjóðum bæði upp á hefðbundin mat og einnig grænmetisfæði. Svo er síðdegiskaffi á virkum dögum. Við erum nýbúin að fá vottun um grænu skrefin að við séum með umhverfisvænt eldhús. Hér fer fram fjölbreytt dagskrá alla daga, í boði eru margir heilsueflandi dagskrárliðir, svo sem leikfimi og slökun, hægt er að koma í handavinnu og námskeið í myndlist, leirlist, postulíni og bókbandi og nýta sér smíðastofuna okkar. Við erum með fjölskyldu-væna viðburði og dagskrá og erum t.d. með fjölskyldujóga.“ Drífa tekur sérstaklega fram að ókeypis að koma og taka þátt flestum dagskráratríðum. Öllu nema námskeiðum sem er stýrt af leið-beinendum. Hún leggur áherslu á



Vitatorgsbandið og félagar að skemmta á Þorrablóti.



Jóganámskeið eru vinsæl á Vitatorgi.

orðin. ”Fólk getur komið hingað og eytt því sem það vill af deginum. Að koma og vera innan um annað fólk, fá sér kaffi og spjalla saman er heilmikið félagsstarf og hefur mikið forvarnargildi. Fólk þarf ekki að gera neitt. Bara að koma.”

Harmonikka er fjölhæft hljóðfæri

Vitatorgsbandið er einn af föstum þáttum í starfseminni. Bandið er hljómsveit sem einkum stendur saman af heldra fólki og spilar reglulega á Vitatorgi. ”Á hverjum einasta miðvikudegi koma þau hingað og halda dansleik og einu sinni í mánuði er sungið saman eftir dansleik. Við höfum verið að fá leikskólakrakka hingað og leyfa þeim að kynnst harmonikkunni sem hljóðfæri. Þá kallaði Guðrún hljómsveitarstjóri þetta harmonikku stund með ömmu og afa. Misskilningur er að

*Fólk getur komið
hingað og eytt því sem
það vill af deginum.
Að koma og vera
innan um annað fólk,
fá sér kaffi og spjalla
saman er heilmikið
félagsstarf og hefur
mikið forvarnargildi.
Fólk þarf að gera neitt.
Bara að koma.*



Boccia stundað á torginu úti á Vitatorgi.



Vikulegt vítamín er í Valsheimilinu, heilsueflingu fyrir 60+.

harmonikuleikur höfði einkum til heldri borgara. Harmónikkan er fjölhæft hljóðfæri og margs konar tónlist er leikin á hana. Þau eru átta í hljómsveitinni núna. Erum með harmonikkur og gítara og trommur svo annað sé nefnt. Þetta er mjög flott hjá þeim. Þau hafa líka annast um skemmtanahald hér á kvöldin. Þá eru þau hljómsveitarmeðlimirnir og þeirra vinir og samstarfsfólk sem koma og búa til skemmtidagskrá.”

Esjan og Sundin blasa við

Þegar gengið eru um húsnæði og sali á Vitatorgi er ljóst að þar fer margskonar starfsemi fram. Gríðarstór veitingasalur er aðeins brot af vistarverum sem fólk hefur afnot af. Þegar líða tekur að hádegis er einhverjir morgungestir farnir.

Aðrir drífa að. Starfsfólk í veitingasal er að undirbúa að fá rúmlega 200 manns í hádegismat. Ekkert bólar þó enn á félögunum af Kaffi Tári. Ef til vill er stutt í suma þeirra. Drífa gengur með komumanni um sali. Nokkrir sitja og fletta blöðum og við borð situr eldri kona og les fréttir af tölvuskjá. Okkur verður litið út um glugga. Handan Skúlagötunnar sér út á Sundin og Esjan blasir við í fjarska. Heilsuefling er í hverju rúmi hvaða nafni eða undirtitli sem hún nefnist. Útsýnið er jafnvel hluti af henni. Og nú fóru nokkrir félagar af Tárinu að mæta í matinn.

**Hundar
velkomnir!**

MATHÖLL

Frakkastígur

Gatnamót fá yfirbragð göngugötu



Gatnamót Laugavegar og Frakkastígs áður en framkvæmdir hófust.

Göngugötusvæðið á mótum Laugavegar og Frakkastígs verður afmarkað með skýrri hætti en verið hefur. Lögð verður áhersla á öryggi gangandi og betra aðgengi fyrir alla. Framkvæmdir eru að fara á fullt og áætlaður framkvæmdatími er um átta vikur.

Götukantar verða endurgerðir og yfirborð hellulagt. Eingöngu verður unnið í yfirborði götunnar en ekki er um lagnavinnu að ræða. Gatan verður þrengd á meðan vinnu stendur. Núverandi grasteinskantur verður meðal annars tekninn upp að hluta og lagður aftur þvert yfir Laugaveg meðfram gatnamótum Frakkastígs. Einnig verður aukið svæði til útteitinga.

Borgarbókasafnið er 100 ára



Margvísleg starfsemi er fram innan ramma Borgarbókasafnsins. Þessar myndir eru frá hönnunarteymi sem Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri nýsköpunar og Barbara Guðnadóttir safnstjóri Borgarbókasafnsins í Grófinni skipulögðu og leiddu vinnustofur síðan í samvinnu við hönnunarteymið.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er eitt hundrað ára. Afmælinu var fagnað dagana 15. og 16. apríl á sjö bókasöfnum í hverfum borgarinnar. Safnið er ein elsta menningarstofnun höfuðborgarinnar. Höfuðstöðvar þess eru í Grófinni.

Upphaflega var safnið nefnt Alpýðubókasafn og síðar Bæjarbókasafn Reykjavíkur uns það fékk heitið Borgarbókasafn Reykjavíkur. Tímamótunum var fagnað

með ýmsu móti. Mikið var um skemmtilegar uppákomur um Afmælishelgina. Söfnin voru í sannkölluðum hátíðarbúning og kaffi og afmælskaka fyrir alla sem kusu að koma og njóta daganna. Yngsta safnið er í Úlfarsárdal og þar tóku Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, starfsfólk Borgarbókasafnsins og íbúar hverfisins á móti Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands sem mætti til að taka virkan þátt í afmælisdagskránni.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

- » Þarf stærri heimtaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstýringu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtakerfi?



• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Úrskurðarnefnd hafnar að stöðva framkvæmdir við Laufásveg

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur hafnað því að stöðva framkvæmdir á gamla bandaríska sendiráðinu við Laufásveg. Nefndin hefur áfram til umfjöllunar kröfu um að byggingarleyfi fyrir framkvæmdunum verði fellt úr gildi.

Fyrirhugað er að ráðast í miklar breytingar á gamla bandaríska sendiráðinu sem stendur við Laufásveg 21 og 23 til að hægt verði að hýsa þar um áttatíu flóttamenn. Áformin hafa mætt harðri andstöðu hjá nágrennum. Þeir létu óánægju sína glögg í ljós þegar framkvæmdirnar voru kynntar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs um miðjan febrúar. Þeir sögðust í athugasemdum óttast að fasteignir þeirra myndu lækka í verði og höfðu áhyggjur af bæði ónæði og áreiti.

Eigendur Laufásvegar 19 og 21 kærdðu framkvæmdirnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þeir krefjast þess að byggingarleyfi sem Reykjavíkurborg gaf út verði fellt úr gildi og að framkvæmdirnar verði stöðvaðar á meðan málið sé til meðferðar hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Í kærinni kemur fram að þeir telji framkvæmdina ólögmæta með öllu. Eignarlóðin að baki Laufásvegar 19 sé í eigu íbúa að Laufásvegi 19. Þar eru bílskúrar sem íbúar segja að hafi aldrei verið hugsaðir búsetuúrræði. Þeir hafi hvorki samþykkt framkvæmdirnar né gefið leyfi fyrir búsetu og hafi talsverðar áhyggjur af þeim mikla



Laufásvegur 21 og 23. Þar var sendiráð Bandaríkjanna lengi til húsa.

umfangi og ónæði sem hljótist af því að hafa 14 til 16 manns í bílskúrunum. Fram hefur komið í umsögn skipulagsfulltrúa að gert sé ráð fyrir að meðaldvalartími fólks verði sex mínútur. Ekki er gert ráð fyrir að umgangur vegna íbúa verði meira en ef húsnaðið yrði skilgreint sem íbúðir.

RECARO
Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Stórt skref í markaðssetningu þess



Við stofnun markaðsstofunar. Sigrún Hulda Jónsdóttir forseti bæjarstjórnar Kópavogsbæjar, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri í Hafnarfirði, Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri í Mosfellsbæ, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Þórir Garðarsson framkvæmdastjóri.

Stofnuð hefur verið markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins. Undirbúningur hennar hefur staðið yfir í um tvö ár með aðkomu sveitarfélaga á svæðinu, atvinnulífsins og stjórnvalda. Stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins.

Í fréttatilkynningu um stofnunina segir að markaðsstofan verði vettvangur til að markaðssetja og þróa áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið í heild og ná

þannig betri árangri. Samhliða stofnfundi verður gerð áfangastaðaaætlun höfuðborgarsvæðisins. Í henni er sett fram stefna og áherslur fyrir áfangastaðinn til næstu þriggja ára. Meðal annars er tekið fram hvaða aðgerðir tengdar ferðaþjónustu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ætla að framkvæma. Þetta er í fyrsta sinn sem slík áfangastaðaaætlun er gerð fyrir höfuðborgarsvæðið. Þórdís Lóa Þórhallsdóttir borgarfulltrúi verður stjórnarformaður Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966

HRADÍ fatahreinsun
Egisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is

Liður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Þínir menn í Vesturbænum

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur óskráðra eigna** sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

- Góð þjónusta
- Fagljósmyndun
- Sanngjörn sölubóknun

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG
Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur
Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Gunnar
S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is



Ómar Örn nýr skólastjóri Hagaskóla



Ómar Örn Magnússon skólastjóri.

Ómar Örn Magnússon hefur tekið við starfi skólastjóra í Hagaskóla af S. Ingibjörgu Jósefsdóttur. Ómar hefur starfað farsællega sem kennari, verkefnastjóri og stjórnandi í Hagaskóla til fjölda ára. Jafnframt hefur hann leitt ýmiss skólaþróunarverkefni fyrir opinbera og óháða aðila sem og kennt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands á undanförunum misserum.

Ómar lauk BA gráðu í sagnfræði árið 2001 frá Háskóla Íslands og námi í kennslufræði til kennsluréttinda árið 2004 frá Háskólanum á Akureyri. Hann lauk MA prófi í stjórnun og forystu í menntastofnunum frá University of Warwick árið 2017. Viðfangsefni Ómars í meistararitgerð hans var traust í skólasamfélögum þar sem mælingar á trausti voru bornar saman við viðhorf stjórnenda til ákveðinna dygðna. Ómar hefur undanfarin tvö ár lagt stund á rannsóknir á jafnræði í skólastarfi í tengslum við yfirstandandi doktorsnám sitt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Síðasti Selbærinn

- rætur frá landnámsöld



Stóra Sel eins og Selbærinn lítur út í dag. Vel var vandað til endurbyggingarinnar.

Stóra Sel er síðasti Selsbærinn sem enn stendur í Reykjavík. Húsið mun vera elsta hús í vesturbæ Reykjavíkur vestan Garðastrætis. Selsbæirnir voru tómthúsarbyggðir og voru síðast taldir fimm. Þeir voru auk Stórasels, Miðsel, Litlasel, Jórunnarsel og Ívarssel. Minjavernd tók Stóra Sel til eignar árið 2015 og gerði samning við Reykjavíkurborg um endurbyggingu þess. Minjavernd fékk ARGOS ehf. Arkitektarstofu Grétars og Stefáns til liðs við uppmælingar og teikningar að endurgerð. Jafnframt var fljótlega ráðist í fornleifarannsóknir bæði utan við húsið sem innan. Staðfestu þær að á þessum stað hafa verið fjölmargar fyrri byggingar, reistar úr torfi og grjóti. Meðal annars komu í ljós falleg steinlögð gólf.



Gömul mynd af Stóra Seli. Eins og sjá má var húsið orðið hrörlegt.

Sel á sér langa sögu. Þess er fyrst getið sem seli frá jörðinni Vík árið 1367 og 1379 er það orðin sjálfstæð jörð. Sel tilheyrði Seltjarnarnesi fram til 1835 en var þá lagt undir lögsögn Reykjavíkur ásamt hjáleigunni Bráðræði. Jörðin varð síðan eign Reykjavíkur 1888. Fleiri tómthúsbylí tóku að rísa á jörð Sels á 19. öldinni. Tómthúsbylí voru bylí sem ekki nutu aðstöðu til griphalds og höfðu ábúendur því ekki möguleika til að framfleyta sér af nytjum húsdýra.

Sextán fjölskyldur

Stóra sel er nú tvöfaldur steinbær, sá eini sem eftir stendur í Reykjavík. Hann var byggður í tveimur áföngum árin 1884 og 1893 en áður hafa staðið torfhús á þessum stað um aldir. Sveinn Ingimarsson, vel þekktur formaður og útvegsbóndi reisti báðar burstir Stóra Sels. Fjölmennnt var oft í bænum. Árið 1910 bjuggu þar til dæmis fjórar fjölskyldur, eða alls 16 manns. Þegar Minjavernd tók húsið yfir var það skráð sem tvær eignir. Austari burstina hafði borgin eignast

allnokkrum árum áður, en vestari burstina árið 2012. Húsið var þá orðið ákaflega hrörlegt og tengdar höfðu verið við það viðbyggingar.

Selt eftir endurgerð

Áður en framkvæmdir hófust við húsið var ákveðið að gera það að einbýlishúsi. Talsverð vinna var við endurbygginguna því meðal annars þurfti að styrkja undirstöður hlöðnu veggjanna sem eftir stóðu og endurgera alla sökkla. Þurfti því að taka húsið alveg niður við framvindu. Reynt var að endurnota eins mikið af gömlu efni hússins við endurgerð þess og kostur var. Jafnframt var nýtt gamalt efni úr öðrum húsum þegar staðarefni þraut. Uppbygging hússins hófst 2017 og lauk 2019. Húsið var selt að endurgerð lokinni.

Upphafið frá landnámi

Árið 1367 er Sel talið eign Jónskirkju postula í Vík. Að hafa í seli var búskaparlag sem er talið

að hafi komið hingað frá Noregi. Þar var selstaða þekkt fyrirkomulag sem talið er að megi rekja allt aftur til jánaldar. Seljabúskapur virðist hafa verið mikilvægur þáttur í hagkerfi landnáms á víkinga öldinni. Rannsóknir í Evrópu og þá sérstaklega á seljum í Noregi hafa sýnt fram á mikilvægt hlutverk þeirra í hlutaðeigandi hagkerfum. Því hefur líka verið haldið fram að mikilvægi seljabúskapar hafi aukist á útrásartímabilinu frá 500 fyrir Krist til loka Víkingaaldar. Sel voru einskonar útibú frá bæjum og þangað var farið með búsmalann á sumrin til þess að nýta úthaga og hvíla heimahagana. Ákvæði sem varða sel er að finna í fyrstu lögbókum Íslendinga, Grágás og Jónsbók. Selja er einnig getið í máldögum kirkna frá fyrstu tíð, en þar segir hvar og hversu mikil ítök þær eiga í selförum. Selsbærinn Stóra Sel er því merkileg heimild um búskaparhætti í Reykjavík fyrri alda.



**SÉRHÆFD
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA
VEGNA BÚSETUSKIPTA
MEÐ ÁHERSLU Á 60+**

**Vantar þig þjónustu
við dánarbússkipti,
sölu og ráðstöfun eigna?**

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlendum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is



Ævintýraborg við Vörðuskóla



Hluta húseininganna verður komið fyrir á lóð Vörðuskóla.

Reykjavíkurborg tekur á leigu færanlegar húseiningar fyrir leikskóla, sem komið verður fyrir hjá Vörðuskóla á Skólavörðuholti á lóð Sunnuáss við Dyngjuveg. Leigusamningar eru við fyrirtækið Terra Einingar ehf. Svokölluð Ævintýraborg verður sett upp á lóð Vörðuskóla við Barónsstíg 34. Leikskólahúsnæðið er saman sett úr forframleiddum einingum sem fljótlegt er að setja saman og ganga frá á verkstað, eins og segir í bréfi fjármála og áhættustýringar borgarinnar. Húsnæðið er 629 fermetrar og á að rúma 60 börn. Gert er ráð fyrir afhendingu húsnæðisins 14. september 2023.

Við eigum frábært úrval af fatnaði í stærðum 38-60



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Hagaskóli sigurvegari í spurningakeppni grunnskólanna



Í liði Hagaskóla voru Jóhann Hinriksson, Stefán Garðar Stígsson og Svandís Birgisdóttir.

Úrslit í spurningakeppni grunnskólanna fór fram þriðjudaginn 18. apríl í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hagaskóli átti lið í keppninni. Í undanúrslitum atti lið Hagaskóla kappi við lið Kvíslarskóla og sigraði. Úrslitarimman var svo milli Hagaskóla og

Setbergsskóla og vann Hagaskóli glæsilegan sigur eftir margframlengdan bráðabana. Í liði Hagaskóla voru Jóhann Hinriksson, Stefán Garðar Stígsson og Svandís Birgisdóttir.

Tjarnarskóli í þriðja sæti í Fjármálaleiknum



Tíundu bekkingar Tjarnarskóla með vinningsávísunina.

Tíundu bekkingar í Tjarnarskóla urðu í þriðja sæti í Fjármálaleiknum 2023 sem er grunnskólakeppni í fjármálalæsi. Vinningurinn var 100.00 krónur sem kom sér afar vel. Nemendur hafa verið að safna í ferðasjóð fyrir útskriftarferð en þeir fara til Roskilde í Danmörku, þar sem Tjarnarskóli á vinaskóla; Roskilde lille skole. Aðstendendur keppninnar komu færandi hendi með stórt vinningsspjald og kökur. Fjármálaleikarnir, sem er netleikur í fjármálalæsi fyrir grunnskóla, stóðu yfir í tíu daga frá 1. – 10. mars og var mikill keppnisandi



meðal þátttakenda, en hér er það hópeflið innan hvers skóla sem gildir.

Útfararstofa Íslands
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

Útfararstofa Hafnarfjarðar
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Netverslun: systrasamlagid.is

ÞG Verk bauð 91% í að steypa bílakjallara



Þannig mun verða umhorfs á Landsspítalasvæðinu að framkvæmdum loknum. Gamla Landsspítalahúsið er fyrir miðju.

Tilboð bást frá tveimur verktökum í uppsteypu á tveggja hæða bílakjallara nýs Landspítala. Lægra tilboðið var frá ÞG Verk og hljóðaði upp á 1,4 milljarða króna eða um 91% af kostnaðaráætlun.

Hitt tilboðið var frá Eykt sem bauð rúmlega 2,1 milljarð í verkið sem er 140% af kostnaðaráætlun. Bílakjallarinn verður staðsettur milli meðferðarkjarna

og fyrirhugaðrar byggingar dag-, göngu- og legudeildar Landspítalans austan við torgið, sem er sunnan megin við Gamla Landspítalann. Bílakjallarinn verður á tveimur hæðum og verða þar um 180 bílastæði fyrir þá sem eru að sækja þjónustu eða að koma í heimsóknir. Heildarflatarmál bygginganna er áætlað 7.500 fermetrar

Markaðsdagur á Eiðistorgi 6. maí



Frá Eiðistorgi á Seltjarnarnesi.

Markaðsdagur verður á Eiðistorgi laugardaginn 6. maí nk. Iris Gústafsdóttir hárgreiðslukona á Seltjarnarnesi sem er upphafsmanneskja að deginum. Hún er búin að íhuga þetta um tíma og undirbúa og hefur nú fengið leyfi fyrir markaðnum sem mun standa frá kl. 10.00 til kl. 17.00. Hún segir marga búna að skrá sig nú þegar til þess að til að selja og kveðst vonast til að líf og fjör verði á torginu.

Iris býr sjálf við Eiðistorgið og starfar í göngufæri frá því. Hún hefur mikinn áhuga á miðbæ Seltirninga og segir of lítið líf í

þessum kjarna sem eigi að höfða bæði til Seltirninga og ekki síður Vesturbæinga. Iris rifjar upp að fyrir nokkrum árum hafi verið sölustarfsemi á torginu á laugardögum. Þar hafi fólk getað sett upp litla sölubása eða söluborð og boðið ýmsan varning. Talsvert líf hafi orðið til í kringum þetta. Fólk komið við, skoðað og verslað. „Ég við gera tilraun til þess að endurvekja þetta. Búa til „Kolaportsstemningu“ á Eiðistorgi. Nú er búið að koma þessu í framkvæmd og þá er bara að mæta á torgið laugardaginn 6. maí.

GLEÐILEGT HEILSUSUMAR!



Viridian vítamín og bætefni

Bresku vítamínin, bætiefnin, jurtirnar og olíurnar frá Viridian eru eins hrein, lífræn og náttúrleg og mögulegt er að framleiða. Án fylliefna, aukaefna, „nastís“, pálmaolíu og síðferðislega unnin skv. ströngustu kröfum.



Heitir og kaldir heilsudrykkir
Bragðgóðir og úr besta
hráefninu.



Úrvals húðkombó fyrir sumarið
Elexír fyrir allar húðgerðir
með hylaronic og rakabúst með
jurtum og kristöllum.



Ný sending!

Ripple jóga klæðnaður er að okkar mati einn sá best sniðni fyrir jóga, allskyns hreyfingu og lífið. Ný sending.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Risa feluleikur í Vesturbæjarskóla



Eins og sjá má skorti ekki hugmyndir um felustaði.

Nemendur Vesturbæjarskóla skelltu sér í einn risa stóran feluleik á gögunum þar sem börnin fengu að fela sig út um allan skóla og kennararnir þurftu að leita að þeim. Þetta var hugmynd frá nemanda í skólanum sem kom upp úr hugmyndakassanum sem efnt var til. Ákveðið var að prófa hugmyndinni og gekk það mjög vel vel. Allir skemmtu sér og bros mátti sjá á hverju andliti þar sem örmin fundu sér hina ýmsu felustaði.

Þemadagar og páskaundirbúningur í Landakotsskóla



Nemendur Landakotsskóla létu sitt ekki eftir liggja á þemadögum sem haldnir voru í skólanum fyrir páska. Nemendur unnu að fjölbreyttum verkefnum og má sjá afrakstur þeirrar vinnu á göngum og veggjum skólans. Páskarnir voru inn í myndinni og bjuggu nemendur til páskaunga eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Sjálfstyrking á þema- dögum í Grandaskóla

Á þemadögum í Grandaskóla var unnið með sjálfstyrkingu og forvarnir gegn ofbeldi. Nemendur fengu fræðslu miðað við sinn aldur að hluta til og voru þá í sínum bekk eða hóp. Síðan var brotið upp og blandað þvert á aldur í öðrum verkefnum. Verkefnin voru mismunandi þar á meðal að gera sjálfsmynd, gogg, klípusögu og hreyfing. Kennarar skólans fengu nýlega fræðslu um forvarnir þar sem

sjónum var einkum beint að kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi. Rætt var um viðbrögð ef slíkt kemur upp og einnig var farið yfir viðbragðsáætlun Grandaskóla. Nemendur nálgudust viðfangsefni þemadaganna með ýmsum hætti eins og sjá má.



Glæsilegur árangur Melaskóla

- á Íslandsmóti barnaskólasveita í skák



Ánægðir keppendur Melaskóla með verðlaunabikara.

Melaskóli sendi þrjár sveitir á Íslandsmót barnaskólasveita í skák sem fór fram nýlega. Árangurinn var glæsilegur því allar sveitirnar unnu í sínum styrkleikaflokki. A-sveit Melaskóla varð Íslandsmeistari, þá sveit skipuðu Funi Jónsson, Hugl Vilmundur Arnarsson, Kári Nikulásson og Dagur Ari Magnússon. B-sveit Melaskóla varð sigurvegari B-sveita, þá sveit skipuðu Nam Quoc Nguyen, Hafþór Vignisson, Breki Ragnarsson og

Pröstur Ragnarson. C-sveit Melaskóla var sigurvegari C-sveita, þá sveit skipuðu Sigurður Torfi Magnússon, Rakshat Murali Krishna, Frímánn Galdur Ólafsson og Vilhjálmur Ari Kristjánsson. Nam Nguyen í B-sveitinni fékk borðaverðlaun fyrir góðan árangur á 1. borði. Kári Nikulásson í A-sveitinni fékk borðaverðlaun fyrir góðan árangur á 3. borði. Vignir Hafþórsson sá um halda vel utan um skáksveitirnar og Oddgeir Ágúst Ottesen hjá skákdeild KR sá um að þjálfa flesta meðlimi þeirra.

SUMARSTARF TJARNARINNAR

Fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára

MÁNUDAGA

Dagopnun kl. 16:30 - 19:00
Kvöldopnun kl. 19:30 - 22:30

MIÐVIKUDAGA

7. bekkjaropnun kl. 16:30 - 19:00
Kvöldopnun kl. 19:30 - 22:30

FÖSTUDAGA

Dagopnun kl. 16:30 - 19:00
Kvöldopnun kl. 19:30 - 22:30



TJÖRNIN

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

VESTURBÆR • MIÐBORG • HLÍÐAR



KÖRFUBOLTASTANDAR



pingpong.is - Síðumúla 35 (að aftanverðu) - S: 568 3920 / 897 1715

Friður og fjölmennning í Fríkirkjunni

Friður og fjölmennning var yfirskrift þáttar sem framleiddur var af Fríkirkjunni í Reykjavík og síðan sýndur á Stöð 2 og Vísi. Í þættinum báðu gestir frá ólíkum trúfélögum fyrir friði og tónlistarkonan Una Torfadóttir kom fram ásamt tónlistarfólki Fríkirkjunnar.

Fríkirkjan hefur alla tíð haft sérstöðu. Þegar hún var stofnuð fyrir rúmum 120 árum varð hún sem nýtt lýðræðisafli í samfélaginu og hefur alla tíð verið íslensk grasrótahreyfing. Fríkirkjan var stofnuð af íslenskri alþýðu en ekki af goðum eða höfðingjum erlends eða innlendu ríkisvaldi. Fjölskyldur iðnaðarmanna voru í fararbroddi við stofnun Fríkirkjunnar en aðrar starfsstéttir einkum sjómenn og bændur utan af landi sem voru þá að flytja til bæjarins lögðu hönd á plóg. Fríkirkjan hefur frá upphafi verið helguð mannréttindabaráttu þar sem víðari sýn, kvenréttindi og almennt umburðarlyndi voru höfð að leiðarljósi. Þegar Fríkirkjan var stofnuð höfðu konur ekki kosningarétt og takmarkaða möguleika til menntunar. Séra Ólafur Ólafsson annar prestur Fríkirkjunnar var framfarasinnaður jafnréttismaður. Hann var á sínum tíma einn fremsti baráttumaður fyrir frelsi og almennum mannréttindum



Sigurvin Lárus Jónsson og Hjörtur Magni Jóhannsson prestar Fríkirkjunnar.

kvenna. Verkefnin í anda stofnenda Fríkirkjunnar eru enn næg. Í dag er fjölmennning stóra verkefni 21. aldar og friður byggir á gagnkvæmri virðingu á milli menningarheima og trúarbragða. Fríkirkjan vill leggja lóir á vogarskálarnar í þá átt og það var erindi hennar í fyrrgreindum þætti. Í þættinum fluttu prestar kirkjunnar þeir Hjörtur Magni Jóhannsson og Sigurvin Lárus Jónsson hugleiðingar um efnið. Erlendir aðilar frá hinum ýmsu trúfélögum komu einnig fram. Þau voru María Solop – kona frá Úkraínu sem flúði heimili sitt

fyrir ári síðan þegar átökin brutust út og flutti bæn á Úkraínsku. Muhammed Emin Kizilkaya sem er múslimi flutti bæn fyrir friði bæði á íslensku og arabísku. Shilpa Khatri Babbar er hindúi frá Indlandi en hann er gestafyrirlesari við HÍ (Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur). Hann flutti bæn á Hindí. Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði Ásatrúarfélagsins og Hjördís Kristinsdóttir svæðisforingi og flokksleiðtogi Hjalpræðishersins í Reykjavík töluðu einnig fyrir hönd sinna safnaða.

Veiðikortið í símann!



Veiðikortið.is

vefverslun.veidikortid.is

DARTVÖRUR Í ÚRVALI



Síðumúla 35 (gengið inn að aftan) - Sími 568 3920 & 897 1715

Foreldrar verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22
13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20
13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulúðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur um varnir



Ríkislögreglustjórnin

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI: 511 1188

Frábær árangur hjá KR-ingum í Frakklandi

Þrír skíðakappar frá Skíða-deild KR sem dvöldu í 10 daga keppnisferð með Skíðaliði Reykjavíkur í Val d'Isère Frakklandi eru komin heim. Þau bættu öll að töluvert FIS punkta stöðu sína í Stórsvigi.

Pétur Reidar Pétursson skoraði 82.26 FIS punkta, var með 105.66. Aníta Karlsdóttir skoraði 101.19 FIS punkta, var með 152.13. Gauti Guðmundsson skoraði 51.97, var með 70.45. Þetta var mjög flottur árangur hjá þeim í lok skíðatímabils og koma þau þá sterkari inn á heimslista næsta vetur segir á heimasíðu KR. Frábærar aðstæður voru fyrstu dagana en svo fór að snjóa síðustu dagana og þá var tveimur mótum í Super G allýst og einnig seinni ferð í svigi á tveimur mótum hjá körlum.



Pétur, Aníta og Gauti á skíðamóti í Frakklandi.

Átta KR-ingar léku með unglinga-landslíðshópnum í Noregi

Hópur úr íslenska unglinga-landslíðinu tók þátt í svæðismóti í Osló helgina 15.-16. apríl. Þeirra á meðal voru átta leikmenn úr KR. Þau léku öll í mörgum flokkum.

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir varð önnur í telpnaflokki (Jenter 12) á móttinu, eftir tap í oddalotu í úrslitaleiknum. Hún varð líka í 5.-8. sæti í flokki Jenter/Gutter 15B.

Magnús Thor Holloway varð í 3.-4. sæti í flokki Herre Junior 18B.

Tómas Hinrik Holloway varð í 5.-8. sæti í flokki Herre Junior 18B eftir tap fyrir Magnúsi bróður sínum í 8 manna úrslitum. Hann féll úr leik í 16 manna úrslitum í flokknum Jenter/gutter 13A. Þá vann Tómas tvo leiki í riðlinum í flokki Gutter 14A og hefði átt að komast í 16 manna úrslit en í hans stað er sá sem var í 3. sæti settur þar inn skv. úrslitum á vefnum. Viðkomandi leikur í útsláttarkeppninni var seint á sunnudaginn en leikmenn Íslands þurftu því miður að gefa síðustu leikina á sunnudeginum til að ná fluginu heim og missti Tómas þar



hugsanlega af verðlaunasæti.

Eiríkur Logi Gunnarsson hafnaði í 5.-8. sæti flokki Herrer A og féll úr leik í 16 manna úrslitum bæði í flokki Herrer eldre 23 og í flokki Herrer C.

Lúkas André Ólason féll úr leik

í 32 manna úrslitum bæði í flokki Gutter 12 og Jenter/gutter 13A.

Helena Árnadóttir og Steinar Andrasen unnu leiki gegn erlendum leikmönnum en komust ekki upp úr riðlunum í útsláttarkeppnina í viðkomandi flokkum,

Gott gengi KR á Íslandsmóti Taflfélaga

Árangur skáksveita KR vakti mikla athygli í deildarkeppninni í skák sem lauk nýlega. Keppin fer fram í tvennu lagi, haust og vor.

A-sveit KR sem tefldi í Úrvalsdeildinni og hélt sæti sínu þar eins og að var stefnt. B-sveitin varð Íslandsmeistari í 3. deild sem hún vann taplaust með yfirburðum og sama má segja um C-sveitina sem vann 4. deildina og hrósaði Íslandsmeistaratitli einnig. Báðar sveitirnar flytjast upp um deild á næsta keppnistímabili.

Með aðalliði KR tefldu tveir erlendir stórmeistarar, 2 alþjóðlegir meistarar og 3 aukafélagar KR frá Danmörku og Svíþjóð auk öflugra meistarar úr okkar eigin röðum. Alls voru sendar sex sveitir til keppni og 67 skákmenn sem tefldu eina skák eða fleiri, sem sýnir þann mikla þrótt sem nú er í Skákdeild félagsins. Aðalstjórn KR hélt síðsdegishóf og fagnað fyrir keppendur að móti loknu, þar sem Lúdvík S. Georgsson, formaður og Kristján Stefánsson, formaður Skákdeildar og Einar S. Einarsson, liðstjóri til 16 ára afhentu verðlaun og nokkrir keppendur sérstaklega heiðraðir fyrir þátttöku sína og keppni fyrir KR um árabíl.



Rk.	Team	1a	1b	2a	2b	3a	3b	4a	4b	5a	5b	6a	6b	TB1	TB2
1	Taflfélag Garðabæjar	*	*	5	7½	4	3½	6	6½	4	5½	6½	6	16	54,5
2	Vikingaklúbburinn	3	½	*	*	5	5	6½	7	6	6	6	6	16	51
3	Taflfélag Reykjavíkur	4	4½	3	3	*	*	4	6	6	6	5	6½	14	48
4	Skákdeild Fjölnis	2	1½	1½	1	4	2	*	*	4	5	3½	4½	6	29
5	Skákdeild KR	4	2½	2	2	2	2	4	3	*	*	5½	4	5	31
6	Skákdeild Breiðabliks	1½	2	2	2	3	1½	4½	3½	2½	4	*	*	3	26,5



Rk.	Team	1	2	3	4	5	6	7	8	TB1	TB2
1	Skákdeild KR b-sveit	*	3	5½	4½	4½	5½	5	5½	13	33,5
2	Skákdeild Breiðabliks c-sveit	3	*	3	4½	4½	3	4	5	11	27
3	Taflfélag Garðabæjar d-sveit	½	3	*	4½	3½	4½	3½	4½	11	24
4	Skáklélag Sauðárkróks	1½	1½	1½	*	4	4	3	5½	7	21
5	Taflfélag Reykjavíkur e-sveit	1½	1½	2½	2	*	4	3	4½	5	19
6	Taflfélag Vestmannaeyja b-sveit	½	3	1½	2	2	*	5½	3½	5	18
7	Skáklélag Selfoss og nágrennis b-sveit	1	2	2½	3	3	½	*	1½	2	13,5
8	Skáklélag Akureyrar c-sveit	½	1	1½	½	1½	2½	4½	*	2	12



Rk.	SNo	Team	Games	+	=	-	TB1	TB2
1	11	Skákdeild KR c-sveit	7	7	0	0	14	30,5
2	5	Skáklélagið Goðinn a-sveit	7	4	2	1	10	26,5
3	12	Vikingaklúbburinn c-sveit	7	4	1	2	9	24,5
4	6	Dímon	7	4	1	2	9	23
5	14	Vinaskáklélagið b-sveit	7	4	0	3	8	27
6	8	Skákdeild Breiðabliks d-sveit	7	3	1	3	7	23
7	3	Skákdeild KR e-sveit	7	3	1	3	7	21,5
8	16	Skákdeild KR d-sveit	7	3	0	4	6	23



FYRIR TAK
málningarþjónusta

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Hjá okkur má finna fjölbreytt úrval bóka, ritfanga og gjafavöru

Þá má einnig gæða sér á hágæðakaffi
á Bókakaffinu á meðan flett er í bókum
og blöðum.

Verið velkomin.

Auðvelt
að panta á
boksala.is

Opið mánudaga-föstudaga 9-17 og allan
sólarhringinn í vefverslun okkar, boksala.is

bóksala stúdent